

2007 nr. 45 27. mars**Lög um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra**

Tóku gildi 31. mars 2007. *EES-samningurinn*: XVIII. viðauki tilskipun 96/71/EB. *Breytt með* l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbák. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 77/2010 (tóku gildi 1. júlí 2010), l. 96/2010 (tóku gildi 3. júlí 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 114/2012 (tóku gildi 2. nóv. 2012).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og húsnæðismálaráðherra** eða **velferðarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Gildissvið.

□ Lög þessi gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og sendir starfsmann tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu:

a. á vegum fyrirtækisins og starfsmaðurinn starfar undir stjórn þess í tengslum við samning við notendafyrirtæki um veitingu þjónustu hér á landi,

b. á vegum fyrirtækisins til starfsstöðvar eða fyrirtækis í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér á landi eða

c. á vegum fyrirtækisins og starfsmaðurinn er leigður gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess.

□ Skilyrði er að ráðningarsamband sé ávallt milli fyrirtækisins og starfsmannsins þann tíma sem hann starfar hér á landi.

□ Ákvæði 8.–11. gr. gilda ekki um starfsmannaleigur, sbr. c-lið 1. mgr. Lög þessi gilda ekki um áhafnir kaupskipa.

■ 2. gr. Stjórnsýsla.

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með stjórnsýslu á því sviði sem lögin taka til. Vinnuálastofnun annast framkvæmd laga þessara innan stjórnsýslunnar.

¹⁾ L. 126/2011, 454. gr.

■ 3. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Fyrirtæki*: Fyrirtæki er einstaklingur, félag eða annar sá sem stundar atvinnurekstur með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum og veitir þjónustu hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar.

2. *Notendafyrirtæki*: Notendafyrirtæki er einstaklingur, félag, opinber aðili eða annar sá sem stundar atvinnurekstur sem kaupir þjónustu af fyrirtæki, sbr. 1. tölul.

3. *Starfsmaður*: Starfsmaður sem starfar að jafnaði utan Íslands en er sendur tímabundið á vegum fyrirtækis, sbr. 1. tölul., hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu þess.

■ 4. gr. Starfskjör.

□ Þegar fyrirtæki sendir starfsmann hingað til lands í skilningi laga þessara gildir eftirfarandi löggjöf um starfskjör hans og reglur settar á grundvelli hennar, án tillits til erlendra löggjafar sem að öðru leyti gildir um ráðningarsamband hans og hlutaðeigandi fyrirtækis:

1. Lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda, 1. gr., með síðari breytingum, að

því er varðar lágmarkslaun og aðra launaþætti, yfirvinnugreiðslur, réttindi til orlofs, hámarksvinnutíma og lágmarks- hvíldartíma.

2. Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

3. Lög nr. 30/1987, um orlof, með síðari breytingum.

4. Lög nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, 4. gr.

5. Lög nr. 60/1998, um loftferðir, VI. kafli.

6. Lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 11., 29. og 30. gr.

7. Lög nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk annarra ákvæða um bann við mismunun.

□ Ákvæði 1. mgr. gildir með fyrirvara um betri starfskjör starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi við hlutaðeigandi fyrirtæki eða samkvæmt kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem hann starfar að jafnaði.

□ Greiðslur sem sérstaklega tengjast starfinu skulu reiknast inn í lágmarkslaun starfsmanns. Fyrirtæki er þó óheimilt að reikna greiðslur vegna kostnaðar sem það hefur lagt út fyrir vegna ferða starfsmanns, gistingar og upphalds inn í kröfur um lágmarkslaun skv. 1. tölul. 1. mgr.

■ 5. gr. Réttur til launa í veikinda- og slysatilvikum.

□ Starfsmaður skal njóta réttar til launa í veikinda- og slysatilvikum á meðan hann starfar hér á landi í tengslum við veitingu þjónustu.

□ Starfsmaður vinnur sér inn rétt með vinnu hér á landi hjá sama fyrirtæki þannig að fyrir hvern unninn mánuð fyrstu tólf mánuðina greiðast tveir dagar á [kjarasamningsbundnum launum í viðkomandi starfsgrein í réttu hlutfalli við starfshlutfall viðkomandi].¹⁾ Starfi starfsmaður lengur en eitt ár hér á landi skal um ávinnslu veikindaréttar og launagreiðslur fara skv. 5. gr. laga nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

□ Veikindarétturinn er heildaréttur á hverju tólf mánaða tímabili án tillits til tegundar sjúkdóms.

□ Forfallist starfsmaður af völdum slyss við vinnuna eða á beinni leið til eða frá vinnu og eins ef starfsmaður veikist af atvinnusjúkdómi skal hann auk réttar skv. 2. mgr. halda [í þrjá mánuði kjarasamningsbundnum launum í viðkomandi starfsgrein í réttu hlutfalli við starfshlutfall hans].¹⁾

□ [Með kjarasamningsbundnum launum í viðkomandi starfsgrein er átt við laun samkvæmt kjarasamningi á svæði því er samningurinn tekur til miðað við dagvinnu fyrir 8 klst. á dag eða 40 klst. á viku miðað við fullt starf í viðkomandi starfsgrein].¹⁾

□ Ef starfsmaður fær greidd laun í veikinda- og slysatilvikum samkvæmt ráðningarsamningi, kjarasamningi eða lögum í heimalandinu skal hann fá greiddan mismun launa ef réttur samkvæmt ákvæði þessu er hagstæðari.

□ Starfsmaður skal, ef fyrirtæki óskar þess, afhenda því vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins. Fyrirtæki greiðir læknisvottorð og kostnað við öflun þess enda séu veikindi tilkynnt á fyrsta veikindadegi.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um betri rétt starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi við hlutaðeigandi fyrirtæki eða samkvæmt kjarasamningi eða löggjöf í því ríki þar sem hann starfar að jafnaði.

¹⁾ L. 114/2012, 1. gr.

■ **6. gr. Frávik.**

□ Ef um er að ræða fyrstu samsetningu og/eda fyrstu uppsetningu vöru, sem er þáttur í samningi um veitingu vöru og er nauðsynleg til að taka megi vöruna í notkun og er framkvæmd af faglærðum eða sérhæfðum starfsmönnum fyrir tækis, skulu ákvæði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 5. gr. ekki eiga við ef það tímabil sem starfsmaðurinn er hér á landi varir ekki lengur en átta daga.

□ Ákvæði 1. mgr. á ekki við um hvers konar vinnu á sviði bygginga- og mannvirkjagerðar, svo sem vinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga.

□ Við ákvörðun þess hve lengi starfsmaður hefur unnið hér á landi skv. 1. mgr. skal reikna með öll starfstímabil hans hér á landi síðustu tólf mánuði. Við slíka útreikninga skal telja með sérhvert fyrra tímabil sem annar starfsmaður kann að hafa gegnt starfinu áður.

■ **7. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 114/2012, 2. gr.

■ **8. gr. Upplýsingaskylda fyrirtækis.**

□ Fyrirtæki sem hyggst veita þjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, sbr. þó 9. gr., skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar eigi síðar en [sama dag og starfsemin hefst hér á landi]¹⁾ í hvert skipti:

1. Nafn fyrirtækis ásamt upplýsingum um staðfestu þess í heimaríki þar sem fram kemur nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis, heimilisfang í heimaríki, tegund þjónustunnar sem veita skal og virðisaukaskattsnúmer, eða önnur sambærileg heimild um starfsemi í heimaríki sem sýnir fram á að fyrirtækið starfi löglega í heimaríki í viðkomandi starfsgrein samkvæmt lögum þess ríkis, ásamt nafni notendafyrirtækis og kennitölu, eða öðru sambærilegu auðkenni þess.

2. Yfirlit yfir starfsmenn sem starfa munu á vegum fyrirtækisins hér á landi þar sem fram kemur nafn, fæðingardagur, heimilisfang í heimaríki, ríkisfang, [upplýsingar um hvort viðkomandi starfsmenn njóta almennatryggingaverndar í heimaríki],¹⁾ dvalarstaður og áætlaður dvalartími hér á landi og starfsréttindi eftir því sem við á,

3. Gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem ekki eru ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkja eða Færeyingar.

4. . . .²⁾

5. Aðrar þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir, svo sem afrit af þjónustusamningum og ráðningarsamningum, til að ganga úr skugga um að fyrirtækið veiti sannanlega þjónustu hér á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða samnings milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórnar Danmerkur og heimastjórnar Færeyja hins vegar og að um sé að ræða starfsmenn fyrirtækisins.

□ Vinnumálastofnun skal veita fyrirtækinu skriflega staðfestingu um að stofnunin hafi móttekið gögn skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. sem fyrirtækinu ber að afhenda notendafyrirtæki [eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi fyrirtækisins hófst hér á landi],¹⁾ sbr. 11. gr.

□ Fyrirtæki skal tilkynna til Vinnumálastofnunar verði breytingar á áður veittum upplýsingum til stofnunarinnar skv. 1. mgr.

□ Vinnumálastofnun skal afhenda hlutaðeigandi stjórnvöldum, einkum skattyfirvöldum, Tryggingastofnun ríkisins,

Útlendingastofnun, Vinnueftirliti ríkisins og [Þjóðskrá Íslands],³⁾ upplýsingar skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. eftir því sem við á.

□ Vinnumálastofnun skal halda skrá yfir þau fyrirtæki sem veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína hér á landi samkvæmt lögum þessum.

¹⁾ L. 96/2010, 1. gr. ²⁾ L. 114/2012, 3. gr. ³⁾ L. 77/2010, 5. gr.

■ **9. gr. Undanþága frá upplýsingaskyldu fyrirtækis.**

□ Þegar um er að ræða þjónustu sem felur í sér sérhæfða samsetningu, uppsetningu, eftirlit eða viðgerð tækja og er ekki ætlað að vara lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum þarf fyrirtæki ekki að veita Vinnumálastofnun upplýsingar skv. 8. gr. Vari þjónusta fyrirtækisins lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum gilda ákvæði laga þessara um starfsemi þess hér á landi.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal fyrirtæki veita Vinnumálastofnun upplýsingar í þágu eftirlits skv. 13. gr. laga þessara.

■ **10. gr. Sérstakur fulltrúi.**

□ Fyrirtæki sem veitir þjónustu á Íslandi samtals lengur en fjórar vikur á hverjum tólf mánuðum skal hafa fulltrúa hér á landi. [Fulltrúinn getur verið einn af starfsmönnum fyrirtækisins sem starfar tímabundið hér á landi.]¹⁾ Ekki er skylt að tilnefna fulltrúa ef færri en sex starfsmenn starfa að jafnaði hér á landi á vegum fyrirtækis.

□ Fyrirtæki skal tilkynna Vinnumálastofnun um nafn og kennitölu eða fæðingardag ásamt lögheimili eða dvalarstað fulltrúa fyrirtækisins hér á landi [sama dag og]¹⁾ starfsemi þess hefst hér á landi. Skipti fyrirtækið um fulltrúa meðan það hefur starfsemi hér á landi skal tilkynna um skiptin til Vinnumálastofnunar án ástæðulausrar tafar.

□ Fulltrúi fyrirtækisins kemur fram fyrir hönd þess og ber ábyrgð á að veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt lögum þessum sem og þær upplýsingar sem fyrirtækinu er skylt að veita á grundvelli 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Enn fremur skal hann hafa umboð til að taka við stjórnvaldsákvörðun eða eftir atvikum stefnu þannig að bindandi sé að lögum fyrir fyrirtækið.

□ . . .¹⁾

¹⁾ L. 96/2010, 2. gr.

■ **11. gr. Skyldur notendafyrirtækis.**

□ Notendafyrirtæki skal óska eftir skriflegri staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr. um að fyrirtæki hafi sinnt upplýsingaskyldu sinni til Vinnumálastofnunar skv. 8. gr. [eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi þess síðarnefnda hófst hér á landi].¹⁾

□ Þegar fyrirtæki á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar, svo sem vinnu sem lýtur að byggingu, viðgerðum, lagfæringum, breytingum eða niðurrifi bygginga, hefur gert samning við eitt eða fleiri fyrirtæki, sbr. 1. tölul. 3. gr., sem undirverttaka um veitingu þjónustunnar, í heild eða að hluta, skal fyrstnefnda fyrirtækið afhenda upphaflegu notendafyrirtæki skriflega staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr. vegna allra fyrirtækja sem koma að veitingu þjónustunnar. Hið sama á við um aðalverttaka á sviði hvers konar bygginga- og mannvirkjagerðar sem hefur staðfestu hér á landi en hefur gert samning við eitt eða fleiri fyrirtæki, sbr. 1. tölul. 3. gr., sem undirverttaka um veitingu þjónustunnar, í heild eða að hluta.

□ Verði fyrirtækið ekki við beiðni notendafyrirtækis skv. 1. mgr. skal notendafyrirtækið tilkynna um það til Vinnumálastofnunar ásamt því að veita upplýsingar um nafn fyrirtækis,

nafn fyrirsvarsmanns þess, heimilisfang í heimaríki og tegund þjónustunnar sem veita skal. Þegar nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis er ekki þekkt ber að upplýsa um nafn þess aðila er kom fram fyrir hönd fyrirtækisins við gerð þjónustusamningsins.

□ Notendafyrirtæki skal afhenda trúnaðarmanni stéttarfélagi á vinnustað, eða viðkomandi stéttarfélagi þegar trúnaðarmaður er ekki fyrir hendi á vinnustað, skriflega staðfestingu skv. 2. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr., óski trúnaðarmaður eða stéttarfélag eftir því.

¹⁾ L. 96/2010, 3. gr.

■ **12. gr. Eftirlit.**

□ Vinnumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

□ Berist Vinnumálastofnun rökstudd kvörtun um að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara ber stofnuninni að kanna málið frekar. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara skal hún krefjast þess að fyrirtækið starfi í samræmi við lög.

■ **13. gr. Upplýsingar í þágu eftirlits.**

□ Fyrirtæki skal láta Vinnumálastofnun í té þær upplýsingar og gögn er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamninga, ráðningarsamninga og önnur gögn varðandi ráðningarkjör.

□ Notendafyrirtæki skal jafnframt láta Vinnumálastofnun í té upplýsingar og gögn í tengslum við viðskipti aðila er stofnunin telur nauðsynleg til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. þjónustusamning.

□ Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er þeim óheimilt að veita öðrum upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla að þeim skuli haldið leyndum, sbr. þó 8. og 14. gr.

■ **14. gr. Afhending ráðningarsamninga.**

□ Vinnumálastofnun skal afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því sem starfsmaður fyrirtækis starfar á afrit af ráðningarsamningi starfsmannsins óski stéttarfélagið eftir því enda liggja fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

■ **15. gr. Tímabundin stöðvun á starfsemi.**

□ Hafi Vinnumálastofnun krafist þess að fyrirtæki fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar innan þess frests sem gefinn var getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.

■ **[15. gr. a. Dagsektir.**

□ Fari fyrirtæki ekki að lögum þessum getur Vinnumála-

stofnun krafist þess að hlutaðeigandi fyrirtæki bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum.

□ Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt því fyrirtæki sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna fyrirtækisins og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

□ Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

□ Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar.¹⁾

¹⁾ L. 96/2010, 4. gr.

■ **16. gr. Varnarþing.**

□ Starfsmaður fyrirtækis, sbr. 1. tölul. 3. gr., getur höfðað mál hér á landi vegna vanefnda vinnuveitanda á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum 4.–6. gr. laga þessara.

■ **17. gr. Kæruheimild.**

□ Heimilt er að kæra ákvörðun Vinnumálastofnunar til [ráðuneytisins]¹⁾ innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst hafa borist ráðuneytinu innan kærufrests hafi bréf þess efnis borist ráðuneytinu eða verið afhent póstpjónustu áður en fresturinn er liðinn.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

□ Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

¹⁾ L. 162/2010, 35. gr.

■ **18. gr. Viðurlög.**

□ Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

□ Sektir renna í ríkissjóð.

□ . . .¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ **19. gr. Reglugerðarheimild.**

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um samstarf og veitingu upplýsinga milli þar til bærra stofnana innan aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EFTA-ríkis eða Færeyja.

¹⁾ L. 162/2010, 35. gr.

■ **20. gr. Innleiðing á tilskipun.**

□ Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu.

■ **21. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

□ Fyrirtæki sem þegar veitir þjónustu hér á landi við gildistöku laganna skal uppfylla skilyrði 7. gr. eigi síðar en 1. júní 2007 veiti það þjónustu hér á landi á þeim tíma.

□ Fyrirtæki sem þegar veitir þjónustu hér á landi við gildistöku laganna skal uppfylla skilyrði 8., 10. og 11. gr. eigi síðar en 1. maí 2007 veiti það þjónustu hér á landi á þeim tíma.

■ **22. gr. . . .**